

Vinnuregla fyrir útgáfu lyfjaskírteinis

Forsteo

ATC flokkur: H 05 AA 02 - Teriparatide

Dagsetning: 1. mars 2010

Skilyrði fyrir útgáfu lyfjaskírteinis

- Staðfest beinþynning hjá konum eftir tíðarhvörf eða körlum eldri en 40 ára þar sem beinþéttnimæling (hryggjarliðum og/eða lærlegg) hefur sýnt T-Score <-2.5 og að minnsta kosti eitt samfallsbrot á hryggjarliðum orsakað af litlum áverka (þ.e. áverki við venjulega daglega hreyfingu eða sambærilegt fall) eða
- staðfest beinþynning hjá konum eftir tíðahvörf eða körlum eldri en 40 ára sem hafa sögu um tvö eða fleiri samfallsbrot á hryggjarliðum orsakað af litlum áverka (áverki við venjulega daglega hreyfingu eða sambærilegt fall) og
- að önnur meðferð hafi reynst ófullnægjandi (ATC-flokkur M05B bífosfónöt sem hafa áhrif á beinbyggingu og beinmyndun).

Samfallsbrot á hryggjarliðum er skilgreint sem:

- Hæð framanvert á liðbol hefur minnkað um > 25% samanborið við hæð aftanvert á liðbol eða
- hæð framanvert, í miðju eða aftanvert á liðbol hefur lækkað um >25% miðað við eðlilega, aðlæga liðboli.

Umsókn skal undirrituð af sérfræðingi í innkirtlalækningum, gigtlækningum eða öldrunarlækningum.

Greiðslubátttaka sjúkratrygginga:

E-merkt

Gildistími:

18 mánuðir